



ÍSAFJARÐARBÆR

Dýrafjarðargöng - Rauðsstaðir **Breyting á deiliskipulagi** **Dags. 20. október 2023**

Deiliskipulagið *Dýrafjarðargöng - Rauðsstaðir* tók gildi þann 14. nóvember 2016. Markmið þess er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Deiliskipulagið tekur til vinnubúða, vinnusvæða með skrifstofu, geymslum, spennistöð, sprengiefnaaðstöðu, steypustöð og olíustöð vegna framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Um er að ræða tímabundna landnotkun í samræmi við gr. 5.3.2.10. um starfsmannabúðir í skipulagreglugerð nr. 90/2013. Þann 10. nóvember 2017 tók gildi breyting á deiliskipulaginu. Breytingin fól í sér stækkun skipulagssvæðis með nýju svæði fyrir vinnubúðir á svokölluðu *Suðursvæði* sunnan Mjólkár.

Framkvæmdum við jarðgöngin er nú lokið og mannvirki hafa verið fjarlægð en eftir standa vinnubúðir sunnan Mjólkár á ofangreindu *Suðursvæði*. Þær hafa undanfarin misseri verið nýttar fyrir starfsmenn í vegagerð á þjóðvegi nr. 60. Orkubú Vestfjarða, sem er landeigandi á *Suðursvæðinu*, hefur nú heimilað fyrir sitt leyti að vinnubúðirnar standi þar til vegaframkvæmdum við Dynjandisheiði lýkur.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skipulagsákvæði fyrir *Suðursvæði*, þ.e. kafli 3.3., falli út úr skipulaginu. Skipulagsmörkin breytast og fellur *Suðursvæðið* út af skipulagsupprætti.

Ákvæði um vinnubúðir á *Suðursvæði* eru sett fram í breytingu á deiliskipulagi Mjólkárvirðjunnar, sem nú er kynnt samhliða þessari breytingu, vegna áforma Orkubús Vestfjarða um breytingar á virðjunnarsvæðinu. Jafnframt eru vinnubúðirnar tilgreindar í breytingu á aðalskipulagi sem unnin er samhliða deiliskipulagsbreytingu Mjólkárvirðjunnar. Í breyttu aðalskipulagi eru vinnubúðirnar innan iðnaðarsvæðis (i45). Deiliskipulagsbreyting Mjólkárvirðjunnar og aðalskipulagsbreyting munu taka gildi á sama tíma og breyting á deiliskipulaginu *Dýrafjarðargöng - Rauðsstaðir*.

Lagt er til að farið sé með skipulagstillöguna sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er í samræmi við gildandi skipulag og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á einstaka aðila eða svæði.

Suðursvæði í gildandi deiliskipulagi fellur út úr skipulaginu. (Úr deiliskipulaginu Dýrafjarðargöng – Rauðsstaðir. Sýnt til skýringar)

